

- 51
21. maí
11. gr. breytist þannig: Í stað „vikugjald 600 aurar“ komi: vikugjald 750 aurar.
12. gr. breytist þannig: Í stað „vikugjald 800 aurar“ komi: vikugjald 1000 aurar.
13. gr. breytist þannig: Í stað „vikugjald 900 aurar“ komi: vikugjald 1100 aurar.
14. gr. breytist þannig: Í stað „vikugjald 1200 aurar“ komi: vikugjald 1400 aurar,
nema áhafnir skipa 2200 aurar á viku.
15. gr. breytist þannig: Í stað „vikugjald 1500 aurar“ komi: vikugjald 1600 aurar.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt 113. gr. laga nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar, til þess að öðlast gildi 1. janúar 1954, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt eru úr gildi felldar breytingar á reglugerð nr. 167/1946, sem birtar voru með auglýsingu nr. 7 frá 19. janúar 1954.

Félagsmálaráðuneytið, 21. maí 1954.

Steingrímur Steinþórsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

52
22. maí

AUGLÝSING

um eftirlitsgjald af fóðurlöndum.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 63 31. maí 1947, um eftirlit með framleiðslu og verzlun með fóðurvörur, hefur ráðuneytið ákveðið, að ákvæði auglýsingar nr. 202 25. okt. 1947, um eftirlitsgjald af fóðurlöndum, skuli gilda óbreytt árið 1954.

Atvinnumálaráðuneytið, 22. maí 1954.

Steingrímur Steinþórsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

53

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Kollektusjóðs Jóns Eiríkssonar árið 1953.

Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:		
a. Veðdeildarbréf	kr.	3600.00
b. Innstæða í Söfnunarsjóði	—	21291.95
c. Innstæða í Landsbanka Íslands	—	27414.29
		<hr/>
		kr. 52306.24
2. Vextir:		
a. Af veðdeildarbréfum	kr.	180.00
b. — innstæðu í Söfnunarsjóði Íslands	—	1064.59
c. — innstæðu í Landsbanka Íslands	—	1377.41
		<hr/>
		— 2622.00
		<hr/>
		Kr. 54928.24